



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um breytingu á kosningalögum

10. mars 2023

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, Barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur undirgengist, sem og á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að samningurinn verði lögfestur og þá er nýlega hafin af hálfu ríkisins framkvæmd sérstakrar landsáætlunar um innleiðingu hans.

Landssamtökin Þroskahjálpar leggja áherslu á að frumvarpið verði sérstaklega skoðað og rýnt m.t.t. þess að í því verði tekið fullt tillit til aðstæðna, þarfa og réttinda fatlaðs fólks almennt og sérstaklega fólks þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverfs fólks. Sú skylda stjórnvalda er sérstaklega áréttuð í 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur yfirskriftina **Almennar skuldbindingar**. Þar segir m.a.:

1. *Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.*

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

- a) *að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,*
- b) *að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin, ...*

Í sambandi við það mál hér er til umsagnar þarf sérstaklega líta til skyldna sem hvíla á stjórnvöldum samkvæmt 29. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina **Þátttaka í stjórnmálum og opinberu lífi**. Þar segir m.a.:

Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki stjórn málaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við aðra og skulu jafnframt:

- a) *tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórn málum og opinberu lífi til jafns við aðra, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa að eigin frjálsum vali, þ.m.t. rétt og tækifæri til þess að kjósa og vera kosið, þar á meðal með því:*

i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð

ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með árangursríkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,

iii. að tryggja að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendur á frjálsan hátt og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar einstaklings að eigin vali við að greiða atkvæði, ...

Samtökin lýsa vilja og áhuga til samráðs við dómsmálaráðuneytið varðandi það mál sem hér er til umsagnar og vísa í því sambandi til **samráðsskyldu stjórnvalda**, sem er áréttuð sérstaklega í 3. mgr. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hljóðar svo:

Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annað ákvörðunartökufæri varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, verkefnastjóri